

## Eftirlitsnefnd fasteignasala

Reykjavík, 22. febrúar 2021

**Efni: Afgreiðsla eftirlitsnefndar í tengslum við sölu á fasteign að [X]. Mál nr. K-019-20.**

### A. Inngangur.

Í 4. mgr. 19. gr. laga um sölu fasteigna og skipa, nr. 70/2015, sbr. og 20. gr. laganna, er afmarkað með skýrum hætti hvaða þætti eftirlitsnefnd er heimilt að taka til skoðunar þegar kemur að kvörtunarmálum. Nánar tiltekið skal eftirlitsnefndin taka á móti kvörtunum ef kaupandi eða seljandi fasteignar, sem eigendaskipti hafa orðið að fyrir milligöngu fasteignasala, telur að fasteignasali hafi valdið sér tjóni með brotum á starfsskyldum sínum eða krafist eða fengið greidda þóknun sem hann átti ekki rétt á. Það eru hlutaðeigandi fasteignasalar og kvartandi sem eiga aðild að kvörtunarmáli þessu, í þessu tilviki eru það, auk kvartanda, [A] lfs. og [B] lfs. sem starfa sem löggiltir fasteignasalar hjá fasteignasölu [C].

### B. Málsmeðferð eftirlitsnefndar og gagnaöflun.

Eftirlitsnefnd fasteignasala móttók kvörtun frá [E] (hér eftir nefnd „kvartandi“) hinn 7. desember 2020 og var málinu gefið númerið K-019-20 í málaskrá nefndarinnar. Kvörtunin lýtur að starfsháttum starfsmanna fasteignasölu [C] við milligöngu um sölu fasteignarinnar að [X], fastanr. [...]. Kvartandi er seljandi fasteignarinnar, skv. kaupsamningi dags. 8. júlí 2020.

Meðfylgjandi kvörtun var að finna greiðslukvittun, dags. 7. desember 2020, vegna greiðslu kvörtunargjalds til eftirlitsnefndar, sbr. 3. mgr. 20. gr. laga nr. 70/2015, sbr. 14. gr. reglugerðar um eftirlitsnefnd fasteignasala, nr. 931/2016.

Af fyrirliggjandi kvörtun má ráða að gerðar séu athugasemdir við starfshætti starfsmanna [C], [A] lfs., [B] lfs. og [D] lfs.

Í kvörtun kemur fram að kvartandi telji að starfsmenn hlutaðeigandi fasteignasölu hafi valdið sér tjóni með háttsemi sinni við milligöngu um sölu á fasteigninni. Nánar tiltekið hafi starfsmenn fasteignasölu m.a. ekki komið til móts við seljanda varðandi tímasetningu kaupsamnings, ekki verið viðstaddir undirritun skjala, ekki veitt seljanda ráðleggingar að fyrra bragði og ekki farið lið fyrir lið yfir kaupsamning með seljanda. Þá hafi starfsmenn hlutaðeigandi fasteignasölu ekki miðlað upplýsingum sín á milli um að seljandi hygðist flytja lán, sem tryggt var með veði í fasteigninni, yfir á aðra eign. Þetta hafi leitt til þess að lánið var greitt upp gegn vilja kvartanda. Jafnframt hafi afsal farið fram 25 dögum eftir áætlaðan dag og á þeim tíma hafi hlutaðeigandi fasteignasala haldið afsalsgreiðslu á fjárvörslureikningi fasteignasölu. Hefur kvartandi gert kröfu um að hlutaðeigandi fasteignasala endurgreiði þjónustugjald, endurgreiði andvirði uppgreiðslugjalds vegna láns sem greitt var upp, greiði dráttarvexti í 25 daga af kr. 2.000.000 og greiði lántökukostnað og stimpilgjald af nýju láni að sömu upphæð og lán sem greitt var upp. Þá fer kvartandi fram á að hlutaðeigandi fasteignasölu verði gert að greiða bætur vegna starfshátta sinna við milligöngu um sölu fasteignarinnar.

Eftirlitsnefnd móttók andmæli hlutaðeigandi fasteignasala 29. desember 2020. Meðfylgjandi andmælum var helsta skjalagerð vegna sölumeðferðar fasteignarinnar, svo sem samningur um sölubjónustu fasteignasala, dags. 28. maí 2020, sölufirlit, útprentað 8. júní 2020, kauptilboð, dags. 8.

júní 2020, yfirlýsing húsfélags, dags. 9. júní 2020, afrit af skilyrtu veðleyfi, dags. 8. júlí 2020, kaupsamningur, dags. 8. júlí 2020, afsal, dags. 19. október 2020, lögskilauppgjör, dags. 19. október 2020, kvittanir vegna kaupsamningsgreiðslna og afrit af tölvupóstsamskiptum hlutaðeigandi fasteignasala við kvartanda og kaupendur fasteignarinnar.

Hinn 28. desember 2020 voru andmæli hlutaðeigandi fasteignasölu send kvartanda til upplýsingar og eftir atvikum frekari athugasemda.

Eftirlitsnefnd bærust frekari athugasemdir kvartanda 13. janúar 2021 ásamt afriti af tölvupósti maka kvartanda til [F] lfs. hjá fasteignasölnni [K], tölvupósti maka kvartanda til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og tölvupóstsamskiptum kvartanda og maka hennar við hlutaðeigandi fasteignasölu. Þá fylgdi ljósrit af óundirrituðum veðlánaflutningi, dags. 9. júlí 2020, vegna flutnings láns af [X], yfir á [L].

Að lokinni yfirferð fyrirliggjandi gagna taldi nefndin málið nægilega upplýst.

### **C. Málavextir. Fyrirliggjandi gögn, umkvörtunarefni o.fl.**

Með hliðsjón af kvörtun, fyrirliggjandi andmælum sem borist hafa nefndinni og öðrum gögnum málsins eru málavextir þeir að kvartandi seldi fasteign að [X], með samþykktu kautilboði, dags. 8. júní 2020. Kautilboð er vottað af [B] lfs. hjá [C]. Samkvæmt kautilboði var kaupverð kr. 56.500.000. Í 20. gr. á bakhlið kautilboðs kemur fram að kautilboð byggi á því að allar áhvilandi veðskuldir séu tilboðsgjafa (kaupanda) óviðkomandi og að þær skuli greiddar upp með peningum úr nýju láni kaupanda. Kaupsamningur var undirritaður 8. júlí 2020. Vottar að undirritun kaupsamnings eru [F] lfs. og [D] lfs. Í 24. gr. á bakhlið kaupsamnings er að finna sérákvæði þar sem fram kemur að áhvilandi lán verði greidd upp af söluandvirði eignarinnar, sbr. skilyrt veðleyfi. Í sérákvæðinu er að finna yfirlit yfir áhvilandi lán þar sem fram kemur að á 1. veðrétti sé lán frá Íbúðalánasjóði með eftirstöðvar að fjárhæð kr. 5.262.560, á 2. veðrétti sé lán frá Íbúðalánasjóði með eftirstöðvar að fjárhæð kr. 1.777.067 og á 3. veðrétti sé lán frá Íbúðalánasjóði með eftirstöðvar að fjárhæð kr. 12.897.280. Afsal var undirritað 19. október 2020 og vottað af [G] lfs.

Samkvæmt kvörtun telur kvartandi að kaupsamningsfundur hafi ekki verið haldinn í samræmi við lög og að ekki hafi verið komið til móts við kvartanda um tímasetningu kaupsamnings. Kvartandi sé búsett í Vestmannaeyjum og hafi óskað eftir kaupsamningsfundi klukkan 16:00. Hlutaðeigandi fasteignasala hafi hins vegar einungis boðið upp á kaupsamningsfund klukkan 11:00 eða 14:00 og ekki lagt fram neina tillögu að lausn. Jafnframt hafi hlutaðeigandi fasteignasali ekki farið yfir ákvæði kaupsamnings lið fyrir lið með kvartanda. Þá snýr kvörtun að því að lán sem tryggt var með 3. veðrétti í hinni seldu fasteign hefði, samkvæmt ósk kvartanda, átt að flytja yfir á aðra fasteign sem kvartandi festi kaup á. Ástæða þess hafi verið sú að á láninu hafi verið rúmlega kr. 500.000 uppgreiðslugjald. Hins vegar hafi umrætt lán verið greitt upp þvert gegn vilja kvartanda. Í kvörtun kemur fram að maki kvartanda, sem var eigandi lánsins, hafi upplýst hlutaðeigandi fasteignasala skýrlega um að flytja ætti lánið á aðra fasteign. Í ljósi þess hafi kvartandi gert ráð fyrir að hlutaðeigandi fasteignasalar myndu setja upp samninga í samræmi við óskir kvartanda og maka hennar. Loks hafi undirritun afsals farið fram 19. október 2020 eða 25 dögum eftir áætlaðan útgáfudag afsals sem tilgreindur er 24. september 2020 í kaupsamningi. Kvartandi gerir athugasemd við að kaupendur hafi verið búnir að greiða afsalsgreiðslu

inn á fjárvörslureikning hlutaðeigandi fasteignasala en greiðslan ekki verið greidd til kvartanda vegna kröfu sem kaupendur höfðu gert á hendur kvartanda í tengslum við ástand fasteignarinnar.

Í andmælum hlutaðeigandi fasteignasala kemur fram að kvartandi hefði upplýst um að hún kæmist ekki til að undirrita kaupsamning á þeim tíma sem fasteignasalan lagði til og að viðeigandi skjöl hefðu verið send kvartanda svo að hún gæti prentað þau út, undirritað og sent til hlutaðeigandi fasteignasölu. Þá hafi hlutaðeigandi fasteignasala verið í samskiptum við kvartanda vegna samningsins og honum m.a. verið breytt eftir athugasemdir frá kvartanda. Í andmælum hlutaðeigandi fasteignasala kemur fram að í ferlinu hafi kvartandi ekki upplýst um að flytja ætti áhvílandi lán yfir á aðra fasteign heldur hafi verið rætt um á fyrri stigum að lánin skyldu greidd upp. Þá kemur fram að við undirbúning á uppgreiðslu lánanna í aðdraganda kaupsamnings hafi komið í ljós að ekki hefði tekist að hafa uppi á eiganda handhafabréfs sem væri á eigninni. Hlutaðeigandi fasteignasali hafi sent póst til maka kvartanda 25. júní 2020 til að kanna hver ætti bréfið, hvað ætti að gera við það og hver staða þess væri. Maki kvartanda hafi hringt og sagst ætla að sjá sjálfur um að aflétta bréfinu og hafi það gengið eftir. Hins vegar hafi í því ferli ekkert komið fram um önnur áhvílandi lán annað en að fara ætti eftir ákvæðum undirritaðs kauptilboðs. Í andmælum hlutaðeigandi fasteignasala kemur fram að eftir afhendingu fasteignarinnar hafi kaupendur gert athugasemdir við ástand fasteignarinnar. Hafi kaupendur haldið eftir lokagreiðslu þvert gegn ráðgjöf lögmanns hlutaðeigandi fasteignasölu og hafði þau viljað láta reyna á réttarstöðu sína. Kaupendur hafi greitt afsalsgreiðsluna inn á fjárvörslureikning hlutaðeigandi fasteignasölu en tekið fram að ekki mætti greiða afsalsgreiðsluna áfram til seljanda þar til málinu væri lokið og afsal undirritað.

Frekari athugasemdir kvartanda bárust eftirlitsnefnd 13. janúar 2020. Í athugasemdum eru fyrri sjónarmið kvartanda áréttuð. Þá kemur fram að þegar mistök við veðlánaflutning hafi uppgötvast hafi kvartandi haft samband við hlutaðeigandi fasteignasölu en þá fengið þær upplýsingar að ef ekki ætti að greiða upp lánið myndi þinglýsing og frágangur tefjast um nokkrar vikur. Kvartandi hafi ekki getað beðið eftir því þar sem hún þurfti að greiða kaupsamningsgreiðslur vegna nýrrar fasteignar.

#### **D. Lagareglur.**

Í lögum um sölu fasteigna og skipa, nr. 70/2015, (fsl.), sbr. og reglugerðir settar með stoð í þeim, er fjallað um réttarstöðu fasteignasala, störf og starfshætti, þ. á m. þau verkefni sem fasteignasala ber að sinna lögum samkvæmt.

Strax og fasteignasali fær eign til sölumeðferðar, eða honum er falið að ganga frá kauptilboði og/eða kaupsamningi um eign, sem ekki er til sölumeðferðar hjá öðrum fasteignasala og ekki hefur verið gert söluyfirlit um og afhent kauptilboðsgjafa, skal hann semja rækilegt yfirlit um þau atriði sem skipt geta máli við sölu eignarinnar, sbr. 1. mgr. 10. gr. fsl.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. fsl. skal fasteignasali gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana.

Í 1. mgr. 12. gr. fsl. kemur fram að fasteignasali skuli afla upplýsinga sem fram eiga að koma í söluyfirliti. Hann skuli sækja upplýsingar í opinberar skrár og skýrslur ef unnt er, en ástand fasteignar, gerð hennar og búnað sem fylgja á við sölu skuli hann kynna sér af eigin raun. Í 2. mgr. 12. gr. fsl.

kemur fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluýfirliti reynist rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysi hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Þá kemur fram í 3. mgr. 12. gr. fsl. að skylda seljanda til að veita upplýsingar samkvæmt lögum um fasteignakaup sé óháð skyldum fasteignasala samkvæmt lögnum.

Í 15. gr. fsl. kemur fram að fasteignasali skuli gæta hagsmuna kaupanda og seljanda. Fasteignasali skal í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur og siðareglur bjóða. Hann skal liðsinna báðum aðilum, seljanda og kaupanda, og gæta réttmætra hagsmuna þeirra. Hann skal einnig gæta þess að aðila séu eigi settir ólögmatir, ósanngjarnir eða óeðlilegir kostir í samningum.

Í 16. gr. fsl. kemur fram að fasteignasala er skylt að annast alla skjalagerð við sölu fasteigna og skal geta þess í skjölunum, þar á meðal söluýfirliti, kautilboði, kaupsamningi, afsali, veðbréfi og skuldabréfi, hver samið hafi. Skal nafn fasteignasala koma fram svo eigi verði um villst. Öll skjalagerð og samningsgerð skal vönduð og svo úr garði gerð að hagsmunir beggja aðila séu tryggðir og réttarstaða hvors um sig sé glögg. Fasteignasala ber að staðfesta með undirritun sinni samþykkt kautilboð. Fasteignasala ber að halda og sitja fundi seljanda við kaupanda við gerð kautilboðs og kaupsamnings og staðfesta skjölin með undirritun sinni. Vottun fasteignasala á undirritun seljanda og kaupanda á kautilboði eða kaupsamningi telst nægileg staðfesting viðkomandi skjala af hans hálfu.

Í 19. gr. fsl. er fjallað um hlutverk eftirlitsnefndar. Eftirlitsnefnd fasteignasala skal hafa eftirlit með því að fasteignasalar starfi í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, aðrar réttarreglur sem þýðingu hafa fyrir störf fasteignasala og góðar venjur í fasteignasölu. Þá kemur fram í 4. mgr. 19. gr. fsl. að eftirlitsnefnd fasteignasala skuli jafnframt taka á móti kvörtunum ef kaupandi eða seljandi fasteignar sem eigendaskipti hafa orðið að fyrir milligöngu fasteignasala, telur að fasteignasali hafi valdið sér tjóni með brotum á starfsskyldum sínum eða krafist eða fengið greidda þóknun sem hann átti ekki rétt á. Kvörtun frá kaupanda eða seljanda skal berast eftirlitsnefndinni innan árs frá því að þóknunar var krafist eða hún greidd eða frá því að þeim er kvörtun sendir varð eða mátti vera ljóst að hann varð fyrir tjóni af völdum fasteignasala.

Í 1. mgr. 20. gr. laganna segir að eftirlitsnefnd fasteignasala skuli láta í ljós álit á því hvort fasteignasali hafi átt rétt til þóknunar í því tilviki sem um ræðir og hver fjárhæð hennar skuli vera. Nefndin skal einnig, þegar þess er óskað, láta í ljós álit á því hvort sá er kvartar hafi orðið fyrir tjóni vegna starfa fasteignasala, eða þeirra er starfa á hans vegum, hver fjárhæð tjónsins er, ef unnt er, og hvort því hafi verið valdið með háttsemi sem leiði til skaðabótaskyldu fasteignasala.

Hinn 26. október 2016 tók í gildi reglugerð nr. 931/2016 um eftirlitsnefnd fasteignasala. Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar er skoðun eftirlitsnefndar bundin við störf fasteignasala og leysir hún því ekki úr ágreiningi sem kann að vera milli kaupanda og seljenda fasteignar.

#### **E. Niðurstaða og álit eftirlitsnefndar.**

Eftirlitsnefnd hefur yfirfarið fyrirliggjandi gögn málsins og andmæli hlutaðeigandi fasteignasala. Líkt og rakið hefur verið lýtur ágreiningsefni þessa máls í fyrsta lagi að því að starfsmenn hlutaðeigandi fasteignasölu hafi ekki komið til móts við kvartanda varðandi tímasetningu kaupsamningsfundar. Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. fsl. ber fasteignasala að halda og sitja fundi seljanda og kaupanda við gerð kautilboðs og kaupsamnings og staðfesta skjölin með undirritun sinni. Samkvæmt andmælum hlutaðeigandi fasteignasala voru drög að kaupsamningi send kvartanda að hennar beiðni og var efni

hans rætt í tölvupóstsamskiptum. Samkvæmt kvörtun óskaði kvartandi eftir því við hlutaðeigandi fasteignasölu að kaupsamningur yrði sendur til Vestmannaeyja þar sem hún er búsett og hann undirritaður með fasteignasala í Vestmanneyjum. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum var kaupsamningur undirritaður 8. júlí 2020 og er hann vottaður af [D] lfs. hjá hlutaðeigandi fasteignasölu og [F] lfs. hjá fasteignasölunni [K]. Liggur því fyrir að kvartandi naut aðstoðar löggilts fasteignasala við undirritun kaupsamningsins í Vestmannaeyjum, að eigin ósk. Er það mat eftirlitsnefndar, eins og atvikum var háttáð í máli þessu, að hlutaðeigandi fasteignasalar hafi ekki brotið gegn starfsskyldum sínum eins og þær eru skilgreindar að lögum að því er varðar þennan þátt kvörtunar.

Kvörtun snýr jafnframt að því að hlutaðeigandi fasteignasalar hafi ekki gert ráð fyrir því í kauptilboði og kaupsamningi að flytja skyldi eitt af þeim lánnum sem var áhvílandi á fasteigninni yfir á nýja fasteign kvartanda. Í 20. gr. á bakhlið kauptilboðs kemur fram að kauptilboð byggi á því að allar áhvílandi veðskuldir séu tilboðsgjafa (kaupanda) óviðkomandi og að þær skuli greiddar upp með peningum úr nýju láni kaupenda. Kaupsamningur var undirritaður 8. júlí 2020. Vottar að kaupsamningi eru [F] lfs. og [D] lfs. Í 24. gr. á bakhlið kaupsamnings er að finna sérákvæði þar sem fram kemur að áhvílandi lán verði greidd upp af söluandvirði eignarinnar, sbr. skilyrt veðleyfi. Í sérákvæðinu er að finna yfirlit yfir áhvílandi lán þar sem fram kemur að á 1. veðrétti sé lán frá Íbúðalánasjóði með eftirstöðvar að fjárhæð kr. 5.262.560, á 2. veðrétti sé lán frá Íbúðalánasjóði með eftirstöðvar að fjárhæð kr. 1.777.067 og á 3. veðrétti sé lán frá Íbúðalánasjóði með eftirstöðvar að fjárhæð kr. 12.897.280. Með andmælum hlutaðeigandi fasteignasala fylgdi afrit af skilyrtu veðleyfi dags. 8. júlí 2020 og er það undirritað af kvartanda og kaupendum fasteignarinnar. Samkvæmt veðleyfinu var það skilyrði fyrir útgáfu þess að andvirði nýrra lána kaupenda yrði ráðstafað inn á veðskuldir kvartanda sem hvíldu á hinni seldu fasteign.

Með hliðsjón af gögnum málsins er eftirlitsnefnd ekki unnt að slá því föstu, gegn andmælum hlutaðeigandi fasteignasala, að starfsmönnum hlutaðeigandi fasteignasölu hafi borist þær upplýsingar að ekki skyldi greiða upp umrætt lán heldur flytja það yfir á nýja fasteign kvartanda. Í öllu falli er ljóst að kvartandi undirritaði kauptilboð og kaupsamning þar sem fram kemur að lánið skuli greitt upp af söluandvirði eignarinnar. Af fyrirbyggjandi gögnum má því ráða að kvartandi hafi verið upplýst um að til stóð að greiða upp öll áhvílandi lán og að ekki hefði verið gert ráð fyrir veðflutningi lána yfir á aðra fasteign. Þá undirritaði kvartandi skilyrt veðleyfi, dags. 8. júlí 2020, þar sem fram kom að andvirði lána kaupenda yrði ráðstafað inn á þær veðskuldir sem voru á 1.-3. veðrétti á fasteigninni.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða eftirlitsnefndar að ekki sé tilefni til að gera athugasemd við skjalagerð og upplýsingagjöf hlutaðeigandi fasteignasala. Tekur sú niðurstaða m.a. mið af því að hlutaðeigandi fasteignasali var viðstaddur undirritun kauptilboðs og annar löggiltur fasteignasali viðstaddur þegar kvartandi undirritaði kaupsamning. Þá er það einnig niðurstaða eftirlitsnefndar að kvartandi hafi ekki orðið fyrir tjóni sem rekja megi til brota fasteignasalans á starfsskyldum sínum, sbr. 4. mgr. 19. gr. fsl.

Hvað varðar þann þátt kvörtunar er snýr að afsalsgreiðslu telur eftirlitsnefnd að álitaeftir tengist fyrst og fremst ágreiningi á milli kaupanda og seljanda vegna meintra galla á hinni seldu eign en í fyrirbyggjandi tölvupóstsamskiptum hlutaðeigandi fasteignasala og kaupanda tekur kaupandi skýrt fram að fasteignasala sé óheimilt að greiða upphæðina fyrr en við undirritun afsals. Jafnframt kemur fram í kaupsamningi að afsalsgreiðsla að fjárhæð kr. 2.000.000 skuli greidd við undirritun afsals. Þá er það niðurstaða eftirlitsnefndar að ekki verði annað ráðið af gögnum málsins en að starfsmenn hlutaðeigandi fasteignasölu hafi leitast við að gæta hagsmuna kvartanda og seljanda og leiðbeint báðum aðilum vegna ágreinings um meinta galla, sbr. 15. gr. fsl. Eftirlitsnefndin tekur fram að skoðun

eftirlitsnefndar er bundin við störf fasteignasala og leysir því ekki úr ágreiningi sem kann að vera á milli kaupenda og seljenda fasteigna en samkvæmt 3. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 931/2016 fellur það utan valdsviðs eftirlitsnefndar að taka afstöðu til einkaréttarlegs ágreinings milli kaupenda og seljenda. Er það mat eftirlitsnefndar, eins og atvikum var háttað í máli þessu, að hlutaðeigandi fasteignasalar hafi ekki brotið gegn starfsskyldum sínum eins og þær eru skilgreindar að lögum að því er varðar þennan þátt kvörtunar.

Í ljósi alls framangreinds og með hliðsjón af umkvörtunarefninu, atvika í málinu og fyrirbyggjandi gagna, tilkynnist hér með að eftirlitsnefndin mun ekki aðhafast frekar vegna málsins.

Með hliðsjón af niðurstöðu eftirlitsnefndar í málinu og í ljósi þess að ekki er fallist á kröfur kvartanda kemur ekki til álita að endurgreiða kvörtunargjald, sbr. 3. mgr. 20. gr. laga nr. 70/2015, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um eftirlitsnefnd fasteignasala, nr. 931/2016, sem rennur því í ríkissjóð.

Niðurstöður eftirlitsnefndar í kvörtunarmálum felur ekki í sér bindandi álit og verður ekki skotið til annarra stjórnvalda. Aðilar geta hins vegar lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti, sbr. 4. mgr. 20. gr. fsl.

F.h. eftirlitsnefndar fasteignasala,

Þórður Bogason hrl., form.

Áslaug Benediksdóttir lögfr.,  
starfsmaður nefndar